

432. fundur Framkvæmdanefndar búvörusamninga var haldinn miðvikudaginn 14. nóvember 2018 í fundarsal á 6. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Eftirfarandi aðilar sátu fundinn:

Ása Þórhildur Þórðardóttir, formaður, Elísabet Anna Jónsdóttir ANR, Oddný Steina Valsdóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson formaður BÍ og Gunnar Þorgeirsson, formaður SG. Þá voru mættir Jón Baldur Lorange, framkvæmdastjóri Búnaðarstofu Matvælastofnunar og Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri BÍ.

Þetta var gert.

1. Tekin var fyrir tillaga Landssamtaka sauðfjárbænda um stuðla til greiðslna ullarnýtingarstuðla á einstaka gæðaflokka ullar, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 1183/2017 um stuðning við sauðfjárrækt. Formaður Landssamtaka sauðfjárbænda reifaði tillöguna. Engar athugasemdir voru gerðar við tillöguna og var hún samþykkt.
2. Tekin var fyrir tillaga Markaðsráðs kindakjöts um stuðla á greiðslur vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt. Erindi barst 1. nóvember 2018. Í 19. gr. reglugerðar um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu nr. 1166/2017 kemur fram að verði heimildir nýttar til að beita slíkum stuðlum skuli ákvarðanir um það liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember árið á undan. Tillagan var því of seint fram komin til að unnt væri að bera hana undir framkvæmdanefnd búvörusamninga til afgreiðslu. Ekki voru gerðar athugasemdir við afgreiðslu með hliðsjón af framangreindu.
3. Tekið var fyrir erindi Sambands garðyrkjubænda um breytingu á 19. gr. reglugerðar nr. 1182/2017 varðandi niðurgreiðslu á raforku, sbr. 5. gr. samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Óskað var eftir breytingu þannig að heimilt verði að greiða niður kostnað við fastagjald vegna dreifingar og flutnings raforku. Formaður benti á að skýrt væri kveðið um það í samningnum að fastagjöld skuli greiddast af framleiðendum. Það væri utan verkswiðs framkvæmdanefndar búvörusamninga að gera breytingar á gildandi samningum en rétt væri að taka málið upp við endurskoðun samninganna sem að fyrirhuguð er á næsta ári. Formaður Bændasamtaka Íslands greindi frá því að hann muni taka málið upp við ráðherra til að skoða mögulegar breytingar á gildandi samningi. Engar frekari athugasemdir.
4. Rætt var um heimild framkvæmdanefndar til að ákveða greiðslu stuðnings samkvæmt reglugerð nr. 1180/2017 vegna ágangs álfta og gæsa á ræktunarlandi bænda. Samkvæmt reglugerð skal ákvörðun um hvort heimild verði nýtt liggja fyrir eigi síðar en 20. september ár hvert. Slík ákvörðun var ekki tekin vegna ársins 2018 og hafa borist ábendingar um að tímafrestir reglugerðarinnar séu óraunhæfir. Umræður um hvort unnt væri að greiða vegna tjóns sem að verður í lok árs samkvæmt heimildum ársins þar á eftir þar sem að tjón getur komið fram seint á árinu. Framkvæmdastjóri Búnaðarstofu taldi rétt að skoða þá útfærslu og mun taka málið upp við úttektarmenn. Ljóst er að ekki er unnt að bæta tjón ef oft seint er að taka út skaða. Rætt um möguleg vandkvæði við útfærslu. Lagt var til að álag yrði greitt sbr. 12. gr. reglugerðarinnar árið 2019. Tillagan var samþykkt.

Önnur mál

- Framkvæmdastjóri BÍ óskaði eftir upplýsingum um greiningu Hagstofunnar um afkomugreiningu fyrir árið 2017. Formaður upplýsti að aflað yrði upplýsinga um stöðu mála.
- Framkvæmdastjóri Búnaðarstofu fór yfir framleiðslutölur ársins.
- Formaður BÍ sagði frá málum þar sem grunur lék á að ekki hefði verið farið að reglum við flutning mjólkurkvóta á milli jarða. Framkvæmdastjóra Búnaðarstofu var kunnugt um þessi mál og greindi frá því að í umræddum tilfellum hefði verið farið að reglum

Fleira ekki bókað. Fundi slitið 13:49.